

## BMF-2016-02 Breiðdalsbiti

Verkefnið felst í stofnun fyrirtækisins Breiðdalsbita ehf. sem mun vinna úr afurðum sauðfjárbúanna Gilsárstekk og Hlíðarenda og auka þannig arðsemi búreksturs þeirra. Afurðirnar verða sérmerktar svæðinu og markaðssettar sem heilnæmar vörur og beint af fjalli. Markmið félagsins er að nýta krydd og önnur hráefni af svæðinu við þróun vara sinna. Með tilkomu fyrirtækisins geta fleiri aðilar nýtt sér þá aðstöðu sem Breiðdalsbiti mun hafa aðgang að.

Sótt er um styrk til að fjármagna stofnun félagsins, leyfisgjöld og þróunarvinnu við afurðir sem félagið ætlar að bjóða til sölu.

Verkefninu var úthlutað 950.000 kr. árið 2016.